

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Náttúruverndarstofnun
kt. 700924-1570

Starfsstöð: Skaftafell, 785 Öräfi
Fastanúmer: 218-2238

Leyfið gildir frá dd. mm 2025 til dd. mm 2037

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Tjald- og hjólhýsastæði
- Starfsmannabústað
- Seyrugryfju
- Vatnsveitu

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi skal vera aðgengilegt á starfsstöð.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tæknipróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

NN
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Náttúruverndarstofnun, kt. 700924-1570

Starfsstöð: Skaftafell, 785 Öræfi

Fastanúmer: 218-2238

Leyfið gildir frá dd. mm 2025 til dd. mm 2037

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- Tjald og hjólhýsastæði
- Seyrugryfju
- Starfsmannabústað
- Vatnsveitu

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 20. maí 2025.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- Lög nr. 93/1995 um matvæli m.s.br.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.
- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

1.1. Tjald og hjólhýsastæði

Um er að ræða starfsleyfi fyrir tjaldsvæði á átta flötum fyrir allt að 1800 manns. Aðstaða er til að losa salernistanka ferðabíla á tjaldsvæði. Salernisaðstaða er eftirfarandi:

- Spóastaðir, þrjú salerni fyrir konur og þrjú salerni fyrir karla auk útivaska með köldu vatni.
- Örninn, fimm salerni fyrir konur, þrjú salerni fyrir karla og tvær þvagskálar. Salerni með aðgengi fyrir fatlaða. Sturturými með níu sturtum, þvottavélar og útivaskar fyrir gesti.
- Snyrtihús við hlið upplýsingamiðstöðvar, átta salerni fyrir konur, átta salerni fyrir karla og tvær þvagskálar. Tvö salerni eru í húsinu með aðgengi fyrir fatlaða og tvær sturtur. Útivaskar með heitu og köldu vatni fyrir gesti.

Meðal annars skal farið eftir:

- Lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald
- Reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Fylgiskjal 1. Starfsleyfisskilyrðum fyrir hjólhýsa, smáhýsa og tjaldsvæði, eftir því sem við á.

1.2. Starfsmannabústaður

Starfsleyfið gildir fyrir starfsmannabústað í Sandaseli. Þar eru tvær litlar íbúðir sem rúma 1-2 starfsmann hvor og hins vegar 10 herbergi með sameiginlegu eldhúsi, setustofu og salerni. Snyrtingar í sameiginlegu aðstöðunni eru þrjár og tvær sturtur. Hámarksfjöldi starfsmanna í herbergjum er 20 manns. Starfsmenn hafa aðgang að þvottahúsi.

Meðal annars skal farið eftir:

- *Fylgiskjal 2. Starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsmannabústað*

1.3. Seyrugryfja

Aðeins er um að ræða geymslustað fyrir seyru. Á starfsleyfistíma verður unnið að undirbúningi á niðurfellingu seyru í samvinnu við Landgræðsluna.

Aðeins þeir aðilar sem hafa gilt starfsleyfi til meðhöndlunar á seyru hafa heimild til að losa seyru í gryfjuna.

Krafa er um að umhverfis seyrugryfjuna sé fjárheld girðing og skal henni vel við haldið. Á svæðinu skal vera til staðar skilti sem gefur til kynna um hvaða starfsemi er að ræða.

Leyfishafi skal halda saman upplýsingum um magn seyru sem losað er í gryfjuna.

Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um nýtingu seyrunnar.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Fylgiskjal 3. Starfsleyfisskilyrði fyrir söfnun og flutning á sérstökum úrgangi og seyru.*

1.4. Vatnsveita

Um er að ræða starfsleyfi fyrir vatnsveitu sem þjónar þjóðgarðinum í Skaftafelli, þ.e. tjald- og hjólhýsasvæði, veitingaaðstöðu og starfsmannabústöðum.

Staðsetning vatnsbóls:

Staðsetning skv. GPS:

Brunnar: 64.01.046 / 16.58.019, h.y.s. 94 metrar

Borhola: 64.01.164 / 16.57.171, h.y.s. ca. 90 metra

Lýsing á umbúnaði

Vatnstökusvæðin eru tvö, annars vegar tveir brunnar sem staðsettir eru 200 til 300 metrum norðan við þjónustumiðstöðina og hinsvegar borhola sem stendur u.þ.b. 700 metra NA við hana. Borholan er notuð sem varavatnsból þegar þornar til síðsumars.

Brunnar eru steypdir u.þ.b. 6 metra djúpir (meter í þvermál) og standa hlið við hlið inni torfhúsi. Trélok eru á sjálfum brunnunum. Plastlagnir (63 mm) liggja frá brunnunum yfir í þjónustumiðstöðina annarsvegar og yfir á tjaldsvæðið, starfsmannahús og aðra aðstöðu hinsvegar. Slanga hefur verið tengd inn á lagnakerfin og liggur hún að bílastæði þjónustumiðstöðvarinnar, en þar er boðið upp á aðstöðu til að taka drykkjarvatn.

Borholan tengist inná lagnir frá brunnunum inni í torfhúsinu með plastlagn (100 mm > 63 mm) en vegalengdin á milli er rúmlega 700 metrar. Borholan hefur verið notað sem varavatnsból fyrir starfsemina.

Meðal annars skal farið eftir:

- *Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.*

- *Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.*

Innra eftirlit vatnsveitu: Til þess að tryggja gæði og öryggi neysluvatns ber rekstararaðila að viðhafa innra eftirlit vegna starfseminnar. Eftirtalda þætti þarf að skoða að lágmarki árlega en oftár ef þurfa þykir:

- Athuga girðingar umhverfis vatnsból og lagfæra þær ef þurfa þykir.
- Athuga hvort hætta sé á að meindýr komist í vatnsbólíð.
- Ganga úr skugga um að ekkert sem spillt geti vatnsbólí sé í nánasta umhverfi þess. Sérstaklega er athugað að dýrahæ og annað sem valdið geti mengun séu fjarlægð.

Þá þarf að fylgjast reglulega með síum í vatnsleiðslum og krönum. Skipta skal um síurnar eftir þörfum.

Ef vart verður við óeðlilega breytingu á neysluvatni skal taka sýni til rannsóknar á viðurkenndri rannsóknarstofu. Sama gildir ef vart verður mengunar í nágrenni vatnsbóls sem ætla mætti að geti spillt gæðum neysluvatns.

2. Annað sem varðar starfsemina.

2.1. Fráveita

Um er að ræða hreinsivirki með lífrænum hreinsibúnaði frá framleiðendanum System S&P. Hreinsigeta skólphreinsistöðvarinnar miðast við allt að 1000 persónueiningar. Fráveita er leidd í gegnum grófsíu og þaðan í 150m³ fellipró. Fráveituvatn er geislað með UV ljósi áður en það er leitt í siturbeð. Hreinsivirki er hannað þannig að hægt er að taka sýni af aðveituskólpi og hreinsuðu skólpi áður en það berst í siturlagnir.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands áskilur sér rétt til að taka sýni af fráveituvatni skv. leiðbeiningum í fylgiskjali 2 í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Kostnaður vegna sýnatöku greiðist af starfsleyfishafa.

Um fráveitur gilda meðal annars:

- *Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*
- *Fylgiskjal 3. Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi.*

2.1.1. Innra eftirlit, skráningar og tilkynningarskylda

Starfsleyfishafi skal viðhafa innra eftirlit vegna rekstur fráveitu. Rekstaraðili skal halda eftirlitsbækur, dagbækur eða gagnagrunn þar sem jafnóðum er skráð:

- a) Atriði er varða rekstur búnaðar, hreinsun, viðgerðir og mengunarvarnir fyrirtækisins s.s. rekstur og viðhald á ristum.
- b) Atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði eða önnur frávik eða slys.
- c) Stöðvanir vegna bilana, viðhalds, eða af öðrum ástæðum. Skrá skal m.a. ástæðu stöðvunar, viðbrögð og tímalengd þeirra ásamt afleiðingum varðandi hreinsun, losun í viðtaka eða eftir atvikum notkun neyðar- og yfirfallsútrása.
- d) Atriði er varða rekstur hreinsibúnaðar og safnræsis fyrirtækisins s.s. hreinsun og viðgerðir búnaðar, rekstur og viðhald á ristum.
- e) Fyrir 1.3. ár hvert skal taka saman og senda heilbrigðiseftirliti upplýsingar um magn seyru og úrgangs sem fjarlægður var úr hreinsivirkinu á undangengnu ári sem og upplýsingar um hvert var farið með umræddan úrgang.

Upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er. Tilkynna skal eftirlitsaðila um öll meiriháttar frávik er geta varðað almannahæill.

2.2. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins. Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

Um úrgang gilda meðal annars:

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

2.3. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

3. Starfsemi hætt

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðiseftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Seyrugryfja

Fjarlægja skal seyru úr gryfju og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir starfsemina. Rekstraraðili ber að sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt.

Starfsmannabústaður

Fjarlægja skal gámahús þegar starfseminni lýkur, lagnir og annað er tilheyrir þeim og ganga frá yfirborði lands í samræmi við kröfur viðkomandi sveitarfélags. Kalla skal heilbrigðisfulltrúa til úttektar þegar hyllir undir verklok.

dd. mm 2025
Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nn
heilbrigðisfulltrúi